A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

Raðnúmer

GTH-2506

From serial n.: GTH250617M-501
to GTH250619M-1000

Stage 3A
Stage 3B

GTH-3007

From serial n.: GTH300717M-133
to GTH300719M-500

Stage 3A
Stage 3B

Þýðing á upprunalegum leiðbeiningum
Þriðja útgáfa
Fyrsta prentun
Hlutanúmer 57.0009.0682

Efni

Inngangur 1
Skilgreiningar á tákn- og hættumyndum 5
Almennt öryggi 6
Öryggi á vinnustað 14
Varúðarráðstafanir 21
Myndskýring 24
Stjórntæki 25
Skoðanir 31
Notkunarleiðbeiningar 48
Geymslustaða og geymsla 62
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 64
Viðhald 69
Aukabúnaður 77
Tæknilýsing 85
Hleðslutöflur 86
Próf 92
EB-samræmisyfirlýsing 95

TEREX Global GmbH

Bleicheplatz 2
8200 Schaffhausen
Sviss

Tæknileg þjónusta
Sími: +39 075 9418129
+39 075 9418175
netfang: UMB.Service@terex.com

Höfundarréttur © 2016 Terex Corporation

Þriðja útgáfa: Fyrsta prentun, október 2016

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og mörgum öðrum löndum. „GTH“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc.

Inngangur

Um þessa handbók

Genie kann að meta val þitt á tæki fyrir notkun þína. Öryggi notenda er í forgangi hjá okkur en slíkt ávinnst best í sameiningu.
Þetta rit er stjórnanda- og dagleg viðhaldshandbók fyrir notanda eða stjórnanda Genie vélar.

Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef þú hefur einhverjar spurningar skaltu hafa samband við Genie.


Fyrir valhandbækur (ef fylgja):

- *Búnaður til að taka lyklaborð úr lás (Valhlutanúmer 58.2513.9026)*

Vinsamlegast farðu inn á heimasíðuna okkar www.genielift.com/en/service-support/manuals

Auðkenni vöru

Raðnúmer tækisins er staðsett á raðnúmeraplötunni.



Fyrirhuguð notkun

Þessi vara skal notuð og stjórnað af hæfum, þjálfuðum og viðurkenndum starfsmanni í samræmi við leiðbeiningarnar í þessari handbók, öryggis- og leiðbeiningarlímmiðum og öllum viðeigandi stöðlum og reglugerðum.

Torfærulyftari með breytilega seilingu er skilgreindur sem lyftari á hjólum með bómu sem snýst. Setja má á hann ýmis konar aukabúnað til að taka upp, flytja og setja hleðslu með uppgefnu hleðslusviði.

Notkun á þessari vöru á nokkurn annan hátt er bönnuð og stríðir gegn ætlaðri notkun hennar.

Inngangur

Dreifing tilkynninga og fylgni

Öryggi vöru fyrir notenda skiptir mestu máli fyrir Genie. Ýmis konar tilkynningar eru notaðar af Genie til að miðla mikilvægum öryggis- og vöruupplýsingum til söluaðila og vélaeigenda.

Upplýsingarnar sem er að finna í tilkynningunum tengjast ákveðnum vélum með vélategund og raðnúmeri.

Dreifing tilkynninga byggist á núverandi skráða eiganda ásamt tengdum söluaðila hans/hennar. Því er mikilvægt að skrá vél þína og viðhalda samskiptaupplýsingum þínum.

Fylgdu þeirri aðgerð sem gefin er til kynna í viðkomandi tilkynningu til að tryggja öryggi starfsfólks og áreiðanlega áframhaldandi notkun á vél þinni.

Samskipti við framleiðandann

Öðru hverju kann það að reynast nauðsynlegt að hafa samband við Genie.

Þegar þú gerir það skaltu vera viðbúin/n að gefa upp tegundar- og raðnúmer þitt ásamt nafni þínu og samskiptaupplýsingum. Hafa ætti samband við Genie að lágmarki vegna eftirfarandi:

- Slysatilkynning
- Spurningar varðandi vörunotkun og öryggi
- Upplýsingar um fylgni er varða staðla og reglur
- Uppfærslur á núverandi eiganda, til dæmis breytingar á eignarhaldi vélar eða breytingar á samskiptaupplýsingum þínum. Sjá Flutningur á eignarhaldi að neðan.

Flutningur á eignarhaldi vélar

Ef gefinn er tími til að uppfæra upplýsingar eiganda tryggir það að þú fáir mikilvægar öryggis-, viðhalds- og stjórnandaupplýsingar sem eiga við þína vél.

Vinsamlegast skráðu vél þína með því að fara inn á vefsvæðið www.genielift.co.uk.

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.
1. Forðastu hættulegar aðstæður.
Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.
2. Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
3. Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
4. Kannaðu vinnustaðinn.
5. Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum, öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.
☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.
☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.
☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Inngangur

Hættuflokkun



Öryggisviðvörunartákn - notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákni til að forðast möguleg meiðsli eða dauða

⚠ HÆTTA Gefur til kynna hættuástand sem leiðir til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.

⚠ AÐVÖRUN Gefur til kynna hættuástand sem kann að leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.

⚠ VARÚÐ Gefur til kynna hættuástand sem kann að leiða til minniháttar eða miðlungs meiðsla ef ekki er brugðist við því.

TILKYNNING Gefur til kynna tilkynningu um eignatjón.

Staðlar










Eftirfarandi staðlar og/eða reglugerðir eiga við þessa vél (aðeins STAGE 3B vél) :

Tilskipun
2006/42/EB Vélatilskipun
2008/104/EB Rafsegulsviðssamhæfi
2000/14/CE Hávaðamengun sem berst í umhverfið
EN 1459:1998+A3:2012


Viðhald á öryggisskiltum

Endurnýjaðu öryggisskilti sem hafa týnst eða eru skemmd.
Hafðu öryggi stjórnanda í huga á öllum stundum. Notaðu milda sápu og vatn til að þrífa öryggisskilti. Ekki nota hreinsiefni með leysi því þau kunna að skemma efni öryggisskiltisins.


Skilgreiningar á tákn- og hættumyndum

 Hætta á raflosti	 Viðhaltu nauðsynlegu rými.	 Hætta á að kremjast.	 Ekkert fólk undir hleðslu	 Lestu stjórnandahandbókina.	 Ekkert fólk undir hleðslu
 Hætta á að kremjast.	 Notið viðhaldskraga	 Hætta á að kremjast.	 Notið sætisbelti.	 Sprengihætta	 Notið ekki.
 Hætta á að kremjast.	 Haldið ykkur fjarri hreyfanlegum hlutum.	 Hætta á að kremjast	 Haldið ykkur fjarri hreyfanlegum hlutum.	 Hætta á bruna.	 Ekki losa lok fyrr en kalt.
 Hætta á sprengingu/bruna	 Reykingar bannaðar. Enginn opinn logi.	 Hætta á bruna	 Leyfið flötum að kólna.	 Innsprautunarhætta	 Notið pappa til að leita að leka
 Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf	 Hætta á sprengingu/bruna	 Reykingar bannaðar. Enginn opinn logi.	 Fallhætta	 Ferðast á göfflum	 Kynnið ykkur hleðslutöflur og handbók
 Hætta á veltu	 Hafið hleðslu lágt á ferðinni	 Notið ekki hjálpartæki við ræsingu	 Sprengihætta	 Hætta á veltu	 Flækjuhætta.
 Haldið ykkur fjarri hreyfanlegu belti.	 Ekki láta vélina ná jafnvægi með hækkaðri bómu				


Almennt öryggi fyrir GTH 2506 Stage 3A




Almennt öryggi fyrir GTH 2506 Stage 3A




Almennt öryggi fyrir GTH 2506 Stage 3B




Almennt öryggi fyrir GTH 2506 Stage 3B




Almennt öryggi fyrir GTH 3007 Stage 3A




Almennt öryggi fyrir GTH 3007 Stage 3A



Almennt öryggi fyrir GTH 3007 Stage 3B



Almennt öryggi fyrir GTH 3007 Stage 3B



Öryggi á vinnustað

⚠ Veltihætta



Notaðu burðartöfluna og staðfestu að hleðslan sé innan uppgefinnar burðargetu vélarinnar. Ekki fara fram úr uppgefinni hleðslu.

Burðarmiðja gaffalsins (ef fylgir) verður að vera jöfn eða minni en sú burðarmiðja sem gefin er upp á burðartöflunni.

Öll byrði sem sýnd er á burðartöflunni er byggð á á vélin sé á traustu undirlagi, grindin sé lárétt, gafflarnir séu staðfestir jafnt á vagninum, byrðin sé fyrir miðju á göfflunum, dekkin séu af viðeigandi stærð og með réttum þrýstingi og að fjarbúnaðurinn sé í góðu notkunarástandi.

Ef aukabúnaður er notaður skaltu lesa, skilja og hlýða leiðbeiningum og handbókum með aukabúnaðinum.

Ekki lyfta byrðinni nema undirlagið geti stutt við allt álag sem vélin gefur frá sér.

Ekki lækka byrði án þess að draga bómuna fyrst inn.

Ekki nota aukabúnað sem hefur ekki verið samþykktur af Genie.


Ekki nota vélina ef burðartaflan er ekki til staðar.

Ekki fara fram úr uppgefnu burðarþoli fyrir hverja uppsetningu.




Ekki hækka bómuna nema vélin sé lárétt. Hallamál vélarinnar ætti ekki að vera meira en +/- 0,5 gráður.

Ekki vinna þegar slökkt er á burðarvarkerfinu.
Ekki hækka byrði og aka síðan til að koma henni fyrir.



Við akstur skal halda bómu við eða undir sléttu og hafðu byrðina nálægt jörðunni.

Notaðu vélina á hraða þar sem hægt er að hafa stjórn á byrðinni. Ræsing og stöðvun skal vera greiðleg.



Ekki hækka byrði nema hún sé á viðeigandi stað eða tryggileg á göfflunum eða viðurkenndum aukabúnaði.

Ekki nota vélina í sterkum vindi eða roki. Ekki auka yfirborðssvæði vagnsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er aukið og það er berskjaldað fyrir vindi minnkar það stöðugleika vélarinnar.

Gættu sérstakrar varúðar og dragðu úr hraða þegar vélin er keyrð í stöðu yfir ójafnt landslag, rusl, óstöðugt eða sleipt yfirborð og nærri holum og þverhnípi.


Ekki breyta eða afvirkja einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hefur áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika vélarinnar með hlutum af annarri þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki endurnýja dekk uppsett í verksmiðju með dekkjum með aðra tæknilýsingu eða öðruvísi strigalög.

Öryggi á vinnustað

⚠ Akstur við hættu í brekkum



Við akstur skal halda bómu við eða undir sléttu og hafðu byrðina nálægt jörðunni.

Þegar vélin er losuð skal aka með gafflana og aukabúnað niður í móti.

Í bratta, aðeins skal aka upp og niður hæð, og hafið ávallt vélina í gír. Ekki snúa þvert á halla þegar vélin er á ferðinni upp eða niður halla.

Takmarkaðu akstursleið og -hraða í samræmi við ástand yfirborðs jarðar, grip, brekku, staðsetningu starfsfólks og alla aðra þætti sem kunna að valda hættu. Aldrei skal aka vélinni ef mastrið og búnaður þess sé ekki í réttri akstursstöðu. Það hvort vél velti um koll við notkun vélarinnar veltur á mörgum þáttum sem taka þarf tillit til. Þetta eru þættir á borð við ástand slitlags/undirlags, stöðugleiki og halli sem og vélabúnaður, færni stjórnanda, burðarstaða, dekkjaþrýstingur, hraði vélar, o.s.frv.

Það hvort vél velti um koll ræðst einnig að stórum hluta á því sem stjórnandinn gerir á borð við hraða og hve hnökralaus notkunin er sem og staðsetningu aukabúnaðarins og byrðar hans.

Halli á byggingasvæðum og vegum breytist oft, getur verið harður og mjúkur, og breyst vegna athafna og veðurs.

Stjórnendur ættu að fá viðeigandi þjálfun og nota dómgreind sína og reynslu til að grípa til varúðarráðstafana og forðast að vélin velti um koll.

Stjórnendur verða að meta breytileika vinnustaðar og forðast að fara fram úr þoli vélar (eða stjórnanda) fyrir undirlag og aðstæður.

⚠ Fallhætta



Notið ávallt sætisbelti við notkun vélarinnar.

Ávallt skal vera inni í stýrishúsinu við notkun vélarinnar.

Þegar farið er inn og út úr stýrishúsinu skal snúa að vélinni, nota þrepin og handriðin og vera ávallt í þriggja festu belti.

Notið ekki stýrið eða önnur stjórntæki sem handrið.



Ekki skal leyfa öðrum að sitja á vélinni eða göfflum.



Ekki skal flytja eða lyfta starfsfólki með þessari vél.

Öryggi á vinnustað

⚠ Árekstrarhætta

Ekki setja vélina í gír nema handbremsa sé á.

Ekki aka vélinni ef skyggni er hindrað.

Ekki lyfta bómunni nema handbremsa sé á.

Ekki nota án hlífðargrinda til að vernda það að laust efni fari í stjórnanda eða safnist saman á gluggum stýrihússins.

Ekki nota vélina með biluðum aðvörunarbúnaði. Aðvörunarbúnaðurinn ætti að gefa frá sér hljóð þegar vélinni er bakkað.

Ekki nota vélina þegar lýsing er léleg.


Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.

Ekki aka vélinni beint upp að neinum.

Ef að útvarp og/eða mp3-spilari fylgir skal hljóðstyrkur vera þannig að heyrist í umhverfishljóði (t.d. umferð, viðvaranir, fólki, o.s.frv.).
Ekki breyta stjórntækjum við akstur eða tilfærslu byrðar.

⚠ Hætta vegna fallandi hluta

Notaðu vélina á hraða þar sem hægt er að hafa stjórn á byrðinni. Ræsing og stöðvun skal vera greiðleg.



Haldið fólki, búnaði og efni fjarri vinnusvæði.
Notið ekki vélina þegar fólk er undir eða nálægt hækkaðri bómu, hvort sem hún er með byrði eður ei.

Tryggið að byrðin sé tryggileg áður en henni er lyft.

Öryggi á vinnustað

⚠ Hætta á líkamstjóni



Stillið ávallt sætið og festið sætisbeltið áður en vélin er ræst.



Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti.
Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og/eða brennt húðina.



Dragið úr þrýstingi áður en glussaslöngur eru aftengdar.
Haldið fjarri leka og pinnagötum. Notið pappa eða pappír til að leita að leika. Notið ekki hendurnar.

Vökvi sem sprautast á húðina þarf að fjarlægja með aðgerð innan fáeinna klukkustunda af lækni sem þekkir þá tegund af áverka og ýldudreps sem þetta leiðir til.



Haldið ykkur fjarri beltum og viftum þegar vélin er í gangi.

Notið ávallt vélina á vel loftræstum stöðum til að forðast kolsýringseitrun.

Röng snerting við íhluti undir hvaða hlíf sem er veldur alvarlegum meiðslum. Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf. Aðgangur stjórnanda er aðeins ráðlagður þegar skoðun fyrir notkun er framkvæmd. Öll hólf verða að vera lokuð og læst meðan á notkun stendur.

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og viðeigandi þjónustuhandbók Genie.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að stjórnanda- og öryggishandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er í stýrishúsinu.

Ekki reyna að ræsa vélina með því að draga hana eða ýta henni.

Ekki reyna að nota gafflana eða aukabúnaðinn til að losa fasta eða frosna byrði.

Ekki ýta eða toga í hluti eða byrði með göfflum, aukabúnaði eða bómu.

Öryggi á vinnustað

⚠ Hætta vegna skemmdra íhluta

Ekki nota rafhlöðu eða hleðslutæki stærri en 12V til að gefa vélinni start.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Ekki stýra framdekkjum á þurru slitlagi þegar lás á mismunardrifi öxulsins er virkjaður.

⚠ Hætta á að kremjast


Haldið ykkur fjarri hreyfanlegum hlutum þegar vélin er í gangi.

Setjið í handbremsu, setjið gírkassann í hlutlausan og lækkið vagninn eða aukabúnaðinn niður áður en farið er úr vélinni.

Haldið ykkur fjarri hækkuðum hlutum.

Styðjið við hluti áður en þjónusta er framkvæmd. Haldið ykkur fjarri hreyfanlegum hlutum þegar vélin er í gangi.

⚠ Hætta á bruna



Ekki snerta eða sinna viðhaldi fyrr en heitir fletir hafa kólnað.

⚠ Sprengi- og eldhætta

Ekki ræsa vélina lykt finnst af fljótandi jarðolíugasi (LPG), bensín, dísileldsneyti eða öðrum sprengifimu efni.

Ekki setja eldsneyti á vélina þegar hún er í gangi.



Aðeins skal setja eldsneyti á vélina og hlaða rafgeyminn á opnu og vel loftræstu svæði fjarri neistum, logum og logandi tóbaki.

Ekki nota vélina á hættulegum stöðum eða stöðum þar sem að hugsanlega er að finna eldfimt eða sprengifimt gas eða agnir.

Ekki úða eter í vélar sem búnar eru glóðarkerum eða ristarhiturum með loftinntak.

Ekki nota loft eða súrefni til að hlaða rafgeyma.


Öryggi á vinnustað

⚠ Hætta á raflosti

Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.



Hlýddu öllum stjórnarreglugerðum varðandi nauðsynlega fjarlægð frá raflínum. Fylgja verður að lágmarki þeirri nauðsynlegu fjarlægð sem er að finna í listanum að neðan.



Línuspenna	Nauðsynleg	Fjarlægð
0 til 50kV	10 ft	3,05 m
>50 to 200 kV	15 ft	4,60 m
>200 to 350kV	20 ft	6,10 m
>350 to 500kV	25 ft	7,62 m
>500 to 750kV	35 ft	10,67 m
>750 to 1000kV	45 ft	13,72 m
yfir 1000 kV		sjá að neðan

Fyrir raflínur með hærri spennu en 1000kV þarf eigandi starfsstöðvar eða stjórnandi að ákvarða lágmarksfjarlægð eða skráður verkfræðingur sem er fagaðili hvað varðar háspennulínur og dreifingu.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Ávallt skal hafa samband við eiganda raflínu. Taka skal rafmagn úr sambandi, eða færa þarf raflínur eða einangra, áður en vélin er aftur sett í gang.

Gerðu ráð fyrir hreyfingu bómunnar, sveiflum og sigi á raflínum og varastu mikinn vind og vindhviður.

Haltu þig frá vélinni ef hún snertir raflínur með straumi á. Starfsfólk á jörðu niðri eða í stýrihúsinu má ekki snerta eða nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Ekki nota vélina í eldingaveðri eða stormi.

Öryggi á vinnustað

⚠ Öryggi rafgeymis


Hætta á bruna



Rafgeymar innihalda sýru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífar þegar unnið er við rafgeyma.

Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Sprengihætta



Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeymum. Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas.



Hætta á raflosti

Forðast skal snertingu við rafskaut

Notkun á hleðslutæki (ef fylgir), tryggðu að tækið virki við 12 volt og að það fari ekki fram úr 15 amper.

Á meðan viðhaldi eða viðgerð stendur, og við logsuðu, skal taka rafgeyminn úr sambandi með því að snúa straumlokanum (sjá hlutann Límmiðaskoðun).

Eftir að straumlokanum hefur verið snúið skal hinkra í 60 sekúndur áður en vélin er ræst að nýju.

⚠ Ábyrgð vinnuveitanda

Starfsmenn bera ábyrgð á að veita öruggt starfsumhverfi og að fylgja staðbundnum og innlendum reglugerðum yfirvalda.

⚠ Persónulegt öryggi

Tryggðu að allir sem vinna á eða nálægt þessari vél þekki viðeigandi varúðarráðstafanir.

ÖryggisRáðstafanir

⚠ Kröfur fyrir vélastjórnendur

Stjórnendur sem nota vélina reglulega eða öðru hverju (þ.e. til flutninga) skulu búa yfir eftirfarandi forsendum:

Heilsa:
Fyrir og á meðan notkun stendur ættu stjórnendur ekki að neyta áfengra drykkja, lyfja eða annarra efna sem kunna að hafa áhrif á sálfræðilegt og líkamlegt ástand þeirra og þar með vinnufærni þeirra.

Líkamlegar:
Góð sjón, góð heyrn, góð samhæfing og færni til að framkvæma allar nauðsynlegar aðgerðir á öruggan hátt, í samræmi við leiðbeiningarnar í þessari handbók.

Andlegar:
Færni til að skilja og beita framfylgdum reglum, reglugerðum og varúðarráðstöfunum. Þeir skulu sína gætni og varúð fyrir sínu eigin öryggi, sem og annarra, og skulu framkvæma vinnu sína á réttan og ábyrgan máta.

Tilfinningalegar:
Þeir skulu vera rólegir og geta ávallt metið sitt eigið sálfræðileg og andlegt ástand.

Þjálfun:
Þeir skulu lesa og þekkja þessa handbók, myndritin og skýringarmyndirnar sem þar er að finna. auðkennis- og viðvörunarplötur. Þeir skulu hafa færni og þjálfun varðandi notkun vélarinnar.

Stjórnandinn skal hafa réttindi (eða ökuskírteini) þegar slíkt er nauðsynlegt lögum samkvæmt í því landi sem vélin er notuð í. Vinsamlegast leitið upplýsinga hjá lögbærum aðilum. Á Ítalíu þarf stjórnandinn að hafa náð 18 ára aldri.

⚠ Kröfur fyrir viðhaldsstarfsmenn

Starfsmenn sem bera ábyrgð á viðhaldi vélarinnar skulu vera fagaðilar, sérhæfðir í viðhaldi fjarbúnaðar, og búa yfir eftirfarandi forsendum:

Líkamlegar:
Góð sjón, góð heyrn, góð samhæfing og færni til að framkvæma allar nauðsynlegar viðhaldsaðgerðir á öruggan hátt, í samræmi við þessa handbók.

Andlegar:
Færni til að skilja og beita framfylgdum reglum, reglugerðum og varúðarráðstöfunum. Þeir skulu sína gætni og varúð fyrir sínu eigin öryggi, sem og annarra, og skulu framkvæma vinnu sína á réttan og ábyrgan máta.

Þjálfun:
Þeir skulu lesa og þekkja þessa handbók, myndritin og skýringarmyndirnar sem þar er að finna. auðkennis- og viðvörunarplötur. Þeir skulu hafa færni og þjálfun varðandi virkni vélarinnar.


Frá tæknilegu sjónarhorni er reglubundið viðhald á vélinni ekki flókið og getur stjórnandi hennar framkvæmt það, með því skilyrði að viðkomandi búi yfir grunnþekkingu í vélum.

ÖryggisRáðstafanir

⚠ Vinnufatnaður

Við vinnu, og einkum við viðhald og viðgerð á vélinni, verða stjórnendur að vera í viðeigandi hlífðarfatnaði:

- Vinnugalla eða öðrum þægilegum fatnaði. Stjórnendur ættu ekki að vera í fötum með löngum ermum eða hlutum sem geta fest í hreyfanlegum hlutum vélarinnar og skartgripum.
- Öryggishjálmur.
- Hlífðarhanskar.
- Vinnuskór.



Aðeins skal nota viðurkenndan öryggisfatnað sem er í góðu ástandi.

⚠ Persónuhlífar

Undir sérstökum vinnuaðstæðum ætti að notast við eftirfarandi persónuhlífar:

- Öndunarbúnað (eða rykgrímu).
- Heyrnarhlífar eða álíka búnaður.
- Öryggisgleraugu eða andlitsgrímur.

ÖryggisRáðstafanir

⚠ Stjórnljós og lokunarbúnaður

Ýmis konar stjórnljós og lokunarbúnað er að finna í vélinni. Aldrei má eiga við þau eða fjarlægja.
Ávallt skal framkvæma virkniprófun til að tryggja viðeigandi virkni þessa búnaðar.
Aldrei skal nota vél sem er biluð. Ef vél fer að bila skal samstundis stöðva notkun hennar og setja hana í viðgerð.

Burðarvarkerfi
Burðarvarkerfi hefur verið uppsett til að viðhalda stöðugleika vélarinnar Heyranleg og sjónræn skilaboð berast þegar mörk stöðugleika langsum nálgast.
Þessi búnaður getur hins vegar ekki komið í stað reynslu stjórnandans. Notandinn þarf að aðlaga öryggisráðstafanirnar þannig að þær séu innan uppgefinna marka vélarinnar.
Burðarvarkerfið er hannað til að virka aðeins:
Þegar lyftarinn er kyrr
- Þegar lyftarinn er á þéttu, stöðugu og láréttu undirlagi
- Þegar lyftarinn framkvæmir burðar- eða flutningaaðgerðir
- Þegar burðarvarkerfið er virkjað (ekki hnekkt).

Burðarvarkerfið varar stjórnandann aðeins við ef ófullnægjandi stöðugleiki er til staðar langsum í stefnuna fram á við.
Burðarvarkerfinu er ekki ætlað sem viðvörun fyrir veltihættu í ef um er að ræða:
- Skyndilega ofhleðslu
- Akstur með byrði í hækkaðri stöðu
- Akstur í torfærum eða á svæði með hindrunum og holum
- Akstur í halla eða beygju í halla
- Ef ekið er of hratt eða skarpt í beygjur


Stillingar á burðarvarkerfinu ættu aðeins að fram af fagfólki.

Samtengt og millilæst sæti
Þessi litli rofi er staðsettur inni í sætissessunni og hindrar skiptingar á vélinni ef stjórnandinn situr ekki rétt í akstursssætinu.

Neyðarstöðvunarhnappur
Þennan búnað má nota til að stöðva vélina í neyðartilvikum.
Með því að þrýsta á þennan hnapp slokknar á vélinni en burðarvarkerfið er áfram virkt.
Áður en vélin er endurræst þarf að endurstilla hnappinn með því að snúa honum réttsælis.


Virkjun aðgerðarofa á stýripinna
Stýripinninn er búinn aðgerðarofa. Þessum rauða rofa þarf að halda niðri þar til aðgerðum stýripinnans er lokið. Ef honum er sleppt stöðvast aðgerðin.

Myndskýring



1. Vinstri/hægri stefnuljós
2. Geymslurými stjórnanda (innan á hurð)
3. Vinstri baksýnisspegill
4. Hægri baksýnisspegill
5. Ljós fyrir horn bómu
6. Viðhaldskrafi (hinum megin á vél)
7. Eldsneytisáfylling
8. Mælir fyrir glussastöðu
9. Vél (hinum megin á vél)
10. Gafflar
11. Sætisbelti

Stjórntæki



Stjórntæki

Stjórnborð

1. Stýri
2. Neyðarstöðvunarhnappur
3. Sætisstjórntæki
4. Stefnuljós - Þvottur/þurrka framrúðu - Háljós
5. Stýrisstilling
6. Hnekkingarrofi fyrir burðarvarkerfi
7. Stjórnborð fyrir burðarvarkerfi
8. Mælaborð
9. Rofi fyrir handbremsu
10. Aðgerðastýripinni
11. Stjórntæki fyrir hitara og loftkælingu
12. Víxlhnappur skjás á mælaborði
13. Eldsneytisfetill
14. Hemlafetill
15. Sviss
16. Rofi fyrir vinnuljós (ef fylgir)
17. Hallastilling á stýri
18. ROFI FYRIR loftkælingu (ef fylgir)
19. Rofi fyrir hitaraviftu í stýrishúsi
20. Aukavökvaþrýstirofi (ef fylgir)
21. Rofi fyrir blöndunarfötu (ef fylgir)
22. Rofi fyrir neyðarljós
23. Rofi fyrir vegljós
24. Rofi fyrir vökvakerfisolíu blöndunarfötu (ef fylgir)
25. Vökvahraðtengirofi (ef fylgir)
26. Rofi fyrir veg/vinnustað
27. Stöng - Flauta
28. Haldari fyrir burðartöflur
29. Geymir fyrir rúðusprautu

Stjórntæki

1 Stýri

Snúðu stýrinu til hægri til að snúa framhjólum til hægri. Snúðu stýrinu til vinstri til að snúa framhjólum til vinstri.

2 Neyðarstöðvunarhnappur

Sjá hlutann „Stjórnljós og lokunarbúnaður“.

3 Sætisstjórntæki

Sjá hlutann „Sætisstilling“.

4 Stefnuljós - Þvottur/þurrka framrúðu - Háljós

Færðu stöngina áfram til að virkja stefnuljós til vinstri. Færðu stöngina aftur á bak til að virkja stefnuljós til hægri.

Þrýstu á hnappinn efst á enda stangarinnar til að beina vatnsbununni á framrúðu stýrishússins.

Snúðu enda stangarinnar til að nota rúðusprautuna.

Þrýstu stönginni niður til að kveikja á háljósum (eftir að þrýsta á *rofa fyrir vegljós 23*). Þrýstu stönginni upp til að nota háljósin með slitróttri merkjagjöf.

5 Stýrisstilling

Snúðu stýrisstillingunni til hægri til að velja fjórhjólastýri. Snúðu stýrisstillingunni í miðjustöðu til að velja tveggja hjóla stýri. Snúðu stýrisstillingunni til vinstri til að velja krabbastýri.

6 Hnekkingarrofi fyrir burðarvarkerfi

Sjá hlutann „Stjórnborð fyrir burðarvarkerfi“.

7 Stjórnborð fyrir burðarvarkerfi

Sjá hlutann „Burðarvarkerfi“.

8 Mælaborð

9 Rofi fyrir handbremsu

Þrýstu neðsta hluta veltirofans til að kveikja á handbremsunni. Þrýstu efsta hluta veltirofans til að slökkva á handbremsunni.

10 Aðgerðastýripinni

Sjá hlutann „Tilfærsla stýribúnaðar“.

11 Stjórntæki fyrir hitara og loftkælingu

12. Víxlhnappur skjás á mælaborði

Þrýstu á hnappinn til að skruna niður valmynd LCD-skjásins.

13 Eldsneytisfetill

14 Hemlafetill

15 Sviss

Snúðu lyklinum þar til vélin fer í gang. Þegar honum er sleppt fer hann sjálfkrafa aftur í stöðu **I**.

16. Rofi fyrir vinnuljós (ef fylgir)

Þrýstu á veltirofann til að kveikja á vegljósunum: fyrsta staða fyrir vinnuljós að framan og á bómu og önnur staða fyrir að framan, bóma og vinnuljós að aftan.

17. Hallastilling á stýri

Losaðu stöngina neðst hægra megin og togaðu eða ýttu stýrinu í viðkomandi stöðu, læstu henni síðan aftur.

18 Rofi fyrir loftkælingu (ef fylgir)

Þrýstu á rofann til að kveikja á loftkælingunni. Þrýstu á rofann til að slökkva á loftkælingunni.

19 Rofi fyrir hitaraviftu í stýrishúsi

Stjórntæki

Þrýstu neðst á rofann till að kveikja á hitaraviftu í stýrishúsi: fyrsta staða fyrir hægan hraða og önnur staðar fyrir mikinn hraða. Þrýstu efsta hluta veltirofans til að slökkva á hitaraviftu fyrir stýrishús.

20 Aukavökvaþrýstirofi (ef fylgir)

Þrýstu á hnappinn til að skipta vökvaflæði á milli tveggja aukalínanna.

21 Rofi fyrir blöndunarfötu (ef fylgir)

Þrýstu neðsta hluta veltirofans til að virkja blöndunarfötu. Þrýstu efsta hluta veltirofans til að stöðva blöndunarfötu.

22 Rofi fyrir neyðarljós (ef fylgir)

Þrýstu neðsta hluta rofans til að kveikja á neyðarljósunum. Þrýstu efsta hluta rofans til að slökkva á neyðarljósunum.

23. Rofi fyrir vegljós

Þrýstu veltirofanum til að kveikja á vegljósunum: fyrsta staða til að staðsetja ljós og önnur staða fyrir lágu ljós.

24. Rofi fyrir vökvakerfisolíu blöndunarfötu (ef fylgir)

Þrýstu á rofann til að stjórna stefnu olíuflæðis til hægri eða vinstri: þrýstu á efsta hlutann til að beina olíunni til vinstri; þrýstu á neðsta hlutann til að beina olíunni til hægri.

25. Rofi fyrir vökvahraðtengi (ef fylgir)

Þrýstu og haltu rofanum inni til að virkja tengi eða losa aukabúnaðinn, stjórnað með aðgerðastýripinna.

26 Rofi fyrir veg/vinnustað

Þrýstu neðsta hluta veltirofa til að velja stillingu fyrir vinnustað. Þrýstu efsta hluta veltirofa til að velja stillingu fyrir veg.

27 Stöng - Flauta


Færðu stjórnstöngina frá þér til að setja í gír áfram. Færðu stöngina að þér til að setja í gír aftur á bak. Færðu stöngina í miðjustöðu í hlutlausan.

Þrýstu á hnappinn á enda stangarinnar og flautan hljómar. Slepptu þessum hnappi og flautan stöðvast.

28 Haldari fyrir burðartöflur

29 Geymir fyrir rúðusprautu

Stjórntæki



Mælaborð

1. Gaumljós fyrir lágan vélarolíuþrýsting
2. Gaumljós fyrir virkjaða handbremsu
3. Gaumljós fyrir stíflaða glussasíu
4. Gaumljós fyrir lága glussastöðu
5. Ekki virkt
6. Gaumljós fyrir forhitun glóðpera
7. Ekki virkt
8. Ekki virkt
9. Ekki virkt
10. Gaumljós fyrir loftsíu vélar sem er teppt
11. Gaumljós fyrir vélarviðvörun
12. Gaumljós fyrir alvarlega vélarbilun
13. Ekki virkt
14. Ekki virkt
15. Gaumljós fyrir hitamæli kælivökva með háu hitastigi kælivökva
16. Gaumljós fyrir staðsetningu ljóss
17. Klukkustundamælir
18. Snúningshraðamælir
19. Gaumljós fyrir hátt hitastig vökvaolíu
20. Gaumljós fyrir stefnuljós
21. Gaumljós fyrir eldsneytisstöðu með litlu eldsneyti
22. Gaumljós fyrir hemlaþrýstingur lágur
23. Gaumljós fyrir háljós
24. Gaumljós fyrir rafgeymaspenna lág
25. Greiningaljós

Stjórntæki

1 Gaumljós fyrir lágan vélarolíuþrýsting

Þegar kveikt er á þessu ljósi gefur það til kynna að olíuþrýstingur vélar sé of lágur sem getur leitt til tjóns á vélinni. Hættu notkun vélarinnar og settu hana í viðgerð.

3 Gaumljós fyrir stíflaða glussasíu

Þegar kveikt er á þessu ljósi gefur það til kynna að glussasían sé stífluð sem getur leitt til tjóns á vélinni. Hættu notkun vélarinnar og settu hana í viðgerð.

4 Gaumljós fyrir lága glussastöðu

Þegar kveikt er á þessu ljósi gefur það til kynna að glussastaðan er of lág sem getur leitt til tjóns á vélinni. Fylltu á og útilokaðu allan olíuleka.

10 Gaumljós fyrir loftsíu vélar sem er teppt

Þegar kviknar á þessu ljósi er loftsía vélarinnar stífluð. Þrífðu eða skiptu um loftsíuhylkið.

11 Gaumljós fyrir vélarviðvörun

Þetta ljós blikkar til að vara við vandamáli með vélina. Til að bera kennsl á vandamálið, sjá hlutana tvo „vélarljós“

12 Gaumljós fyrir alvarlega vélarbilun

Það kviknar á þessu ljósi til að vara við vandamáli með vélina. Til að bera kennsl á vandamálið, sjá hlutana tvo „vélarljós“

15 Gaumljós fyrir hitamæli kælivökva með háu hitastigi kælivökva

Þegar mælirinn er rauður er kælivökvi vélarinnar of heitur sem getur leitt til tjóns á vélinni. Hættu notkun og láttu gera við vélina.

19 Gaumljós fyrir hátt hitastig vökvaolíu

Þetta gefur til kynna hitastig vökvaolíu í geyminum sem getur leitt til tjóns á vélinni. Hættu notkun vélarinnar og settu hana í viðgerð.

22 Gaumljós fyrir hemlaþrýstingur lágur

Kviknar á því þegar þrýstingur hemlarafrásarinnar er of lágur til að virka rétt sem getur leitt til tjóns á vélinni. Hættu notkun vélarinnar og settu hana í viðgerð.

25. Greiningaljós

Skoðun



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1. Forðastu hættulegar aðstæður.
2. **Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.**

   Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.
3. Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
4. Kannaðu vinnustaðinn.
5. Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

Sjáðu listann á næstu síðu og athugaðu hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem taldar eru upp í ábyrgðarhandbókinni.

Skoðun

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Vertuvissumaðstjórnanda-ogöryggishandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er stýrishúsinu.
- ❑ Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir. Sjá hlutann um skoðanir.
- ❑ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu á olíu ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.
- ❑ Athugaðu með leka á rafvökva og rétta vökvastöðu. Bættu á eimuðu vatni ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.
- ❑ Athugaðu með vélarolíuleka og rétta olíustöðu. Bættu á olíu ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.
- ❑ Gerðir með loftfyllt dekk: Athugaðu með réttan loftþrýsting í dekkjum. Bættu í lofti ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❑ Rafmagnsíhlutum, leiðslum og rafmagnsköplum
- ❑ Vökvaafleiningu, tanki, slöngum, tengingum, tjökkum og greinum
- ❑ Eldsneytis- og vökvageymar
- ❑ Akstursmótor og drifnöfum
- ❑ Slitpúðum bómu
- ❑ Dekkjum og felgum
- ❑ Speglum
- ❑ Vél og tengdum íhlutum
- ❑ Takmörkunarrofum
- ❑ Ljósum, viðvörnum og leiðarljósum
- ❑ Róm, boltum og öðrum festingum

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❑ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❑ Dælda eða skemmda á vél
- ❑ Óhóflegt ryð, tæring eða oxun

- ❑ Gættu þess að allir íhlutir samsetningar og aðrir mikilvægir íhlutir séu til staðar og allar tengdar festingar og pinnar séu á sínum stað og rétt hertir.
- ❑ Tryggðu að framrúðan og gluggar (ef fylgja) séu hreinir og lausir við fyrirstöðu sem kynni að takmarka skyggni.
- ❑ Eftir að þú lýkur skoðuninni skaltu gæta þess að allar hlífar, skermir og hólf séu á sínum stað og tryggileg.

Skoðun



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1. Forðastu hættulegar aðstæður.
2. Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
3. **Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.**

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4. Kannaðu vinnustaðinn.
5. Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði virkniprófana

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófaftur áður en vélin er tekin í notkun.

Skoðun

Virknipróf

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, lárétt og laust við hindranir. Tryggðu að engin byrði sé á göfflunum eða aukabúnaðinum.

2 Farðu inn í stýrishúsið og sestu á sætið.

3 Stilltu sætið og stýrið, ef þörf er á.

4 Festu sætisbeltið í kringum mjaðmirnar á þér.

5 Stilltu spegil stýrishússins og ytri spegilinn hægra megin, ef þörf er á.

6 Tryggðu að handbremsan sé á og að gírstöngin sé í hlutlausri stöðu.

7 Ræstu vélina. Sjá Vélarræsing í hlutanum Notkunarleiðbeiningar.

Prófa aðgerðastýripinnann

8 Notaðu aðgerðastýripinnann og lyftu bómuna og settu hana út í eitt augnablik, hallaðu göfflunum upp og niður.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir ættu að virka vel.

9 Notaðu veltirofann, settu bómuna í eitt augnablik út og dragðu hana inn.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir ættu að virka vel.

Prófa Læsa/Aflæsa fyrir vökvahraðtengi (ef fylgir)

10 Á meðan þrýst er á rofann skal þrýsta og halda inni hvíta rofanum og nota aðgerðastýripinnann , þannig læsir/aflæsir maður í stutta stund vökvahraðtengið.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir ættu að virka vel.

Prófa stýringuna

11 Snúðu stýrisstillingunni til hægri til að velja fjórhjólastýri.

12 Kannaðu virkni stýringar með því að snúa stýrinu um það bil ¼ í hvora átt.

⊙ Niðurstaða: Framhjólin ættu að snúast í sömu átt og stýrið. Afturhjólin ættu að snúast í öfuga átt.

Skoðun

13 Lagfærðu hjólin.

14 Snúðu stýrisstillingunni í miðjustöðu til að velja tveggja hjóla stýri.

15 Kannaðu virkni stýringar með því að snúa stýrinu um það bil ¼ í hvora átt.

⊙ Niðurstaða: Framhjólin ættu að snúast í sömu átt og stýrið. Afturhjólin ættu ekki að snúast.

16 Lagfærðu hjólin.

17 Snúðu stýrisstillingunni til vinstri til að velja krabbastýri.

18 Kannaðu virkni stýringar með því að snúa stýrinu um það bil ¼ í hvora átt.

⊙ Niðurstaða: Framhjólin og afturhjólin ættu að snúast í sömu átt og stýrið.

Prófa skiptingu og hemla

19 Tryggðu að bóman sé að fullu lækkuð og inndregin.

20 Stígðu á hemlafetilinn. Þrýstu á efsta hluta handbremsurofans til að slökkva á henni.

21 Færðu skiptistöngina í stefnuna áfram. Þrýstu létt á eldsneytisfetilinn til að auka snúninga á mínútu og slepptu hægt hemlafetlinum. Um leið og vélin fer að hreyfast þrýstir þú á hemlafetilinn.

⊙ Niðurstaða: Vélinn ætti að fara af stað og síðan stöðvast allt í einu.

22 Færðu skiptistöngina í stefnuna aftur á bak. Þrýstu létt á eldsneytisfetilinn til að auka snúninga á mínútu og slepptu hægt hemlafetlinum. Um leið og vélin fer að hreyfast þrýstir þú á hemlafetilinn.

⊙ Niðurstaða: Vélinn ætti að fara aftur á bak og síðan stöðvast allt í einu. Aðvörunarbúnaðurinn ætti að gefa frá sér hljóð þegar skiptistöngin er sett aftur á bak.

23 Færðu skiptistöngina í hlutlausan.

24 Þrýstu á neðsta hluta handbremsurofans.

⊙ Niðurstaða: Kvikna ætti á rauða gaumljósinu sem gefur til kynna að handbremsan sé á.

25 Færðu skiptistöngina áfram og síðan aftur á bak á meðan aukið er við snúninga á mínútu með eldsneytisfetlinum.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti ekki að hreyfast.

Þvoðu innréttingu vélarinnar með vatni og svampi. Ekki nota háþrýstivatn. Eftir þvott skal þurrka hana með hreinum klút.
Vélarþvottur
Áður en vélin er þvegin skal vernda síuna fyrir loftinntakið til að hindra að vatn berist í rafrásina.

⚠ *Ef vélina á að nota nálægt sjá eða í álíka umhverfi skal vernda hana gegn salti með viðeigandi meðferð til að hindra ryðmyndun.*

Förgun vélar

⚠ *Við lok líftíma vélinnar skal hringja í sérhægt fyrirtæki sem getur fargað henni í samræmi við staðbundnar og innlendar reglugerðir.*

Förgun rafgeymis

⚠ *Notaða blýrafgeyma má ekki farga með hefðbundnum úrgangi frá iðnaði. Sökum skaðlegra efna þarf að safna þeim, eyða og/eða endurvinna í samræmi við lög ESB.*
Notaða rafgeyma þarf að geyma á þurru og lokuðu rými. Tryggðu að rafgeymirinn sé þurr og að tengin séu hert. Settu skilti á rafgeyminn til að vara við notkun hans. Ef fyrir rafgeymirinn er geymdur undir beru loft fyrir förgun hans þarf að þurrka hann, smyrja kassann og aðra þætti með feiti og herða tengin. Ekki láta rafgeymirinn liggja á jörðunni. Best er að láta hann liggja á bretti og hylja hann. Förgun rafgeyma skal fara fram eins fljótt og hægt er.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu



Virða og hlýða:

- ☑ Viðskiptavinir Genie sem þurfa að setja lyftur eða Genie vöru í gáma ættu að finna hæfan flutningsmiðlara sem er með sérhæfingu í að undirbúa, hlaða og tryggja bygginga- og lyftubúnað fyrir alþjóðlega flutninga.
- ☑ Hæfir stjórnendur ættu aðeins að færa vélina í og úr flutningsbílnum.
- ☑ Leggja verður flutningsökutækinu á jafnsléttu.
- ☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.
- ☑ Fyrir flutning skal tryggja að pallur, rampar og dekk vélar séu laus við óhreinindi, snjó og ís. Ef slíkt er ekki gert kann það að valda því að vélin renni.
- ☑ Vertu viss um að geta ökutækisins, fermingarfletir og keðjur eða ólar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Genie fjarbúnaður er mjög þungar miðað við stærð. Sjá raðnúmeraplötu vegna þyngdar vélarinnar. Sjá skoðunarhluta vegna staðsetningu raðnúmeraplötu.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu - GTH-2506

Fest á vörubíl eða tengivagn fyrir flutning

Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn fyrir flutning.

Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.

Tryggðu að dyr og gluggar dyra séu kræktir aftur og tryggilegir.

Fyrir flutning skal setja fjarbúnaðinn niður og draga bómuna inn.

Notaðu leiðbeinanda til að ferma og afferma fjarbúnaðinn. Hafðu bómuna eins lágt og hægt er þegar verið er að ferma og afferma hana.

Settu handbremsuna á.


Undirvagninn festur

Notaðu keðjur með nægri burðargetu.

Notaðu að lágmarki 4 keðjur. Það eru fjórir festipunktar á undirvagninum, tveir fremst og tveir aftast á vélinni.

Settu gafflana eða aukabúnaðinn að fullu niður. Tryggðu gafflana eða aukabúnaðinn með viðeigandi ól eða keðju til að hindra hreyfingu.

Hagræddu útbúnaðinum til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu - GTH-2506

Virða og hlýða:

☑ Aðeins viðurkenndir kranamenn ættu að undirbúa vélina.

☑ Aðeins viðurkenndir kranastjórar ættu að lyfta vélinni og aðeins í samræmi við viðeigandi kranareglugerðir.

☑ Vertu viss um að geta kranans, fermingarfletir og ólar eða taugar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeraplötu vegna þyngdar vélarinnar.

Lyftileiðbeiningar


Láttu bómuna síga til fulls og dragðu hana inn.

Ákvarðaðu þyngdarpunkt vélarinnar með aðstoð myndarinnar á þessari síðu.

Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.

Festu lyftibúnaðinn aðeins við tilnefnda lyftipunkta á vélinni.

Lagfærðu lyftibúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni og til að halda henni láréttri.



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu - GTH-3007

Fest á vörubíl eða tengivagn fyrir flutning

Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn fyrir flutning.

Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.

Tryggðu að dyr og gluggar dyra séu kræktir aftur og tryggilegir.

Fyrir flutning skal setja fjarbúnaðinn niður og draga bómuna inn.

Notaðu leiðbeinanda til að ferma og afferma fjarbúnaðinn. Hafðu bómuna eins lágt og hægt er þegar verið er að ferma og afferma hana.

Settu handbremsuna á.


Undirvagninn festur

Notaðu keðjur með nægri burðargetu.

Notaðu að lágmarki 4 keðjur. Það eru fjórir festipunktar á undirvagninum, tveir fremst og tveir aftast á vélinni.

Settu gafflana eða aukabúnaðinn að fullu niður. Tryggðu gafflana eða aukabúnaðinn með viðeigandi ól eða keðju til að hindra hreyfingu.

Hagræddu útbúnaðinum til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu - GTH-3007

Virða og hlýða:

- ☑ Aðeins viðurkenndir kranamenn ættu að undirbúa vélina.
- ☑ Aðeins viðurkenndir kranastjórar ættu að lyfta vélinni og aðeins í samræmi við viðeigandi kranareglugerðir.
- ☑ Vertu viss um að geta kranans, fermingarfletir og ólar eða taugar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeraplötu vegna þyngdar vélarinnar.

Lyftileiðbeiningar


Láttu bómuna síga til fulls og dragðu hana inn.

Ákvarðaðu þyngdarpunkt vélarinnar með aðstoð myndarinnar á þessari síðu.

Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.

Festu lyftibúnaðinn aðeins við tilnefnda lyftipunkta á vélinni.

Lagfærðu lyftibúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni og til að halda henni láréttri.



Viðhald

Virða og hlýða:

☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

☑ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.

Myndskýringar viðhaldstákna

Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.



Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum til að framkvæma þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á kaldri vél til að framkvæma þetta verklag.

Athuga loftþrýsting í dekkjum



⚠ Veltihætta. Dekk sem blásið er of mikið upp getur sprungið og stofnað í hættu stöðugleika vélinnar og valdið því að hún velti um koll.

⚠ Veltihætta. Ef notaðar eru viðgerðavörur til bráðabirgða fyrir sprungið dekk getur það valdið því að dekkið verði ónýtt sem kann að stofna í hættu stöðugleika vélarinnar og valdið því að hún velti um koll.

⚠ Hætta á líkamstjóni. Dekk sem blásið er of mikið upp getur sprungið og kann að valda dauða eða alvarlegum meiðslum.

Ath.: Ekki þarf að framkvæma þessa rútínu á vélum sem búnar eru froðufylltum dekkjum.

1 Kannaðu loftþrýsting í hverju dekki með loftþrýstingsmæli. Bættu á lofti ef nauðsyn krefur.

Tæknilýsing fyrir hjól og dekk GTH 2506

Dekk	12-16,5
Felga	9.75x16.5
Hjól	8 göt DIN 70361
Dekkjaþrýstingur	4,5 bör (65 psi)

Tæknilýsing fyrir hjól og dekk GTH 3007

Dekk	405/70-20
Felga	13x20
Hjól	8 göt DIN 70361
Dekkjaþrýstingur	5,5 bör (80 psi)

Viðhald

Athuga stöðu glussa



Það er frumskilyrði fyrir góðum afköstum vélarinnar og líftíma að stöðu olíu sé haldið réttri. Notkun á vélinni ef óviðeigandi stig olíu er fyrir hendi getur skemmt vélaríhlutina.

Ath.: Kannaðu olíustigið þegar slökkt er á vélinni og á láréttu undirlendi.

1 Kannaðu olíukvarðann. Bættu á glussa ef nauðsyn krefur.

Deutz TD 2.9 L4, STAGE III B (ESB gerð)
Olíutegund SHELL RIMULA R4 L 15W-40
Deutz TD 2.9 L4, STAGE III A
Olíutegund SHELL RIMULA R4 L 15W-40

Kröfur fyrir dísileldsneyti

Fullnægjandi afköst vélarinnar ráðast af notkun á hágæða eldsneyti. Notkun á hágæða eldsneyti leiðir til eftirfarandi: langs líftíma og viðeigandi losun hvað útblástur varðar.

Stage III B díselvélina má aðeins nota með brennisteinsrýrðu eldsneyti. Brennisteinsinnihald þessa eldsneytis má ekki vera lægra en 15 PPM.

Tankur GTH 2506	60 L	15 gal
Tankur GTH 3007	90 L	23 gal

Deutz TD 2.9 L4, STAGE 3 B (ESB gerð)	
Eldsneytistegund	Brennisteinsrýrt eldsneyti (ULSD)
Deutz TD 2.9 L4, STAGE 3 A	
Eldsneytistegund	Dísil

Athuga stöðu glussa



Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið réttri. Röng staða glussa getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til vandamála í vökvakerfinu.

1 Tryggðu að slökkt sé á vélinni, grindin sé lárétt og að bóman sé í frágenginni stöðu.

2 Skoðaðu mælirinn sem staðsettur er á vinstri hlið glussatanksins.

⊙ Niðurstaða: Glussastaðan ætti að vera fyrir miðju á mælinum.

3 Bættu á glussa ef nauðsyn krefur. Yfirfyllið ekki.

Tæknilýsing glussa
Gerð glussa
GAZPROMNEFT HYDRAULIC HDZ 46

Viðhald

Athuga stöðu kælivökva - Gerðir með kælivökva



Það er frumskilyrði fyrir líftíma vélarinnar að stöðu kælivökva sé haldið réttri. Rangt magn kælivökva getur haft áhrif á kæligetu vélarinnar og skemmt vélaríhlutina. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á stöðu kælivökva sem gætu bent til vandamála í kælivökvakerfinu.

1 Skoðaðu mælinn sem staðsettur er ofan á vatnskassanum.

⊙ Niðurstaða: Eldsneytisstaðan ætti að vera fyrir miðju á mælinum.

⚠ Hætta á líkamstjóni. Vökvar í vatnskassanum eru undir þrýstingi og mjög heitir. Sýndu varúð þegar þú fjarlægir tappann og bætir vökva við.

Athuga spegla

Sjónræn hjálpartæki eru nauðsynleg á vinnustaðnum.

1. Skoðaðu alla spegla til að tryggja að þeir virki sem skyldi og þrífðu þá.

Athuga rafgeymi



Almennilegt ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og notkunaröryggi. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.

⚠ Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

⚠ Hætta á líkamstjóni. Rafgeymar innihalda sýru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

1 Farðu í hlífðarfatnað og settu á þig augnhlífar.

2 Gættu þess að tengi rafgeymakapals séu hert og laus við tæringu.

3 Gættu þess að festingar rafgeymis séu á sínum stað og tryggileg.

Ath.: Ef notaðar eru skautahlífar og þéttiefni til að hamla tæringu þá stuðlar slíkt að því að tæring verður ekki á rafgeymaskautum og köplum.

Viðhald

Reglubundið viðhald

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Gerð
Raðnúmer
Dagsetning
Klukkustundamælir
Eigandi vélar
Skoðað af (með prentstöfum)
Undirritun skoðunarmanns
Titill skoðunarmanns
Fyrirtæki skoðunarmanns

Leiðbeiningar

- *Gerðu afrit af þessari skýrslu sem notuð er við hverja skoðun.*
- *Veldu viðeigandi gátlista fyrir þá tegund skoðunar sem framkvæma á.*

☐ **Daglega eða átta klukkustundir**

Skoðun: A

- **Hakaðu í viðeigandi reit eftir að skoðun er lokið.**
- **Notaðu nákvæmu leiðbeiningarnar í þessum hluta til að fá upplýsingar um hvernig skoðanir eru framkvæmdar.**
- **Ef að skoðun hlýtur merkið „N“ skal taka vélina úr notkun, gera við hana og skoða hana að nýju. Eftir viðgerð skal haka „R“ í reitinn.**

Gátlisti A		**Y**	**N**	**R**
A-1	Handbækur og límmiðar			
A-2	Skoðun fyrir notkun			
A-3	Virknipróf			
A-4	Smyrja bómuna			
A-5	Viðhald vélar			
Framkvæma eftir fyrstu 10 klukkustundir:				
A-6	Viðhald öxuls			
Framkvæma eftir fyrstu 100/250 klukkustundir:				
A-7	Viðhald öxuls			

Varahlutir lokunarbúnaðar	
LMI skjár og borð	56.0016.0132
Virkjun aðgerðarofa á stýripinna	07.0741.0225
Neyðarstöðvunarrofi	56.0016.0091
Sætisrofi	07.0703.0484

Viðhald

A-1
Skoða handbækur og límmiða

Tæknilýsing Genie gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.

Mikilvægt er að halda stjórnanda- og öryggishandbókum í góðu ástandi til að tryggja viðeigandi og örugga notkun vélarinnar. Handbækur fylgja með öllum vélum og ætti að geyma þær í ílátinu sem finna má í hólfi stjórnandans. Ólæsileg eða týnd handbók veitir ekki þær öryggis- og notkunarupplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir viðeigandi og örugga notkun.

Einnig er mikilvægt að halda öryggis- og leiðbeiningalímmiðum í góðu ástandi til að tryggja viðeigandi og örugga notkun vélarinnar. Límmiðar láta stjórnendur og starfsmenn vita af mörgum hugsanlegum hættum sem tengjast notkun á þessari vél. Einnig veita þeir notendum notkunar- og viðhaldsupplýsingar. Ólæsilegur límmiði lætur ekki starfsmenn vita af notkun eða hættu sem getur leitt til hættulegra notkunaraðstæðna.

1 Vertu viss um að stjórnanda- og öryggishandbækur séu til staðar og heilar í geymsluílátinu sem staðsett er í stýrishúsinu.

2 Skoðaðu síðurnar á síðum hverrar handbækur til að tryggja að þær séu læsilegar og í góðu ástandi.

⊙ Niðurstaða: Stjórnandahandbókin er viðeigandi fyrir vélina og allar handbækur eru læsilegar og í góðu ástandi.

⊗ Niðurstaða: Stjórnandahandbókin er ekki viðeigandi fyrir vélina og allar handbækur eru ekki í góðu ástandi eða eru ólæsilegar. Fjarlægðu vélina úr þjónustu þar til búið er að skipta um handbókina.

3 Opnaðu hlutann límmiðaskoðun í stjórnandahandbókinni. Farðu vandlega yfir alla límmiða á vélina til að kanna hvort þeir séu læsilegir og lausir við skemmdir.

⊙ Niðurstaða: Vélin er búin öllum nauðsynlegum límmiðum og allir límmiðar eru læsilegir og í góðu ástandi.

⊗ Niðurstaða: Vélin er ekki búin öllum nauðsynlegum límmiðum og einn eða fleiri límmiðar eru ólæsilegir eða í slæmu ástandi. Fjarlægðu vélina úr þjónustu þar til búið er að skipta um límmiðana.

4 Settu ávallt handbækurnar í geymsluílátið eftir notkun.

Ath.: Hafðu samband við viðurkenndan Genie dreifingaraðila eða Genie Industries ef þörf er á nýjum handbókum eða límmiðum.

Viðhald

A-2
Framkvæma skoðun fyrir notkun

Tæknilýsing Genie gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.

Skoðun fyrir notkun er nauðsynleg til að tryggja viðeigandi og örugga notkun á vélinni. Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin. Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli.

A-3
Framkvæma virknipróf

Tæknilýsing Genie gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.

Virknipróf eru nauðsynleg til að tryggja örugga notkun á vélinni. Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu.

Viðhald

A-4
Smyrja bómuna



Tæknilýsing Genie gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.

Nauðsynlegt er að smyrja tilgreinda staði til að tryggja afköst vélarinnar og líftíma hennar.
Ef vélin er notuð með lítilli eða engri feiti kann það að verða til þess að hún skili lélegum afköstum og áframhaldandi notkun hennar getur leitt til tjóns á íhlutum.

Tæknilýsing feiti	
MASCHERPA GR 529	
Genie hlutanúmer	09.4693.0007

1. Lyftu og settu bómuna út að fullu, dragðu hana síðan inn og tryggðu að hún virki sem skyldi. Þunn filma af smurningu ætti að vera á snertiflötum blokkar.

⊙ Niðurstaða: Bóma virkar sem skyldi og þunn filma af smurefni er sýnileg. Farðu í skref 4.

☒ Niðurstaða: Bóma fer ekki út og dregst inn snurðulaust og ekkert smurefni er sýnilegt á snertiflötum blokkar. Farðu í skref 2.

2. Settu þunnt lag af feiti neðan á bómuhólk númer 2 þar sem hann kemst í snertingu við lægri slitblokkir bómuhólks 1.
3. Smurðu slitblokkir bómu að ofan og á hliðinni.
4. Dragðu bómuna inn í frágengna stöðu.
5. Farðu að snúningsenda bómunnar og smurðu reimarhjólið með smurbyssu.

A-5
Framkvæma viðhald vélar - Perkins gerðir



Tæknilýsing vélar gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.

Deutz TD 2.9 L4
Smurning olíumagn - skoða/bæta við
Magn kælivökva - skoða/bæta við
Sjónræn skoðun
Loftsía sogs/þurrloftsía - skoða
Forsía eldsneytis - skoða/tæma vatn

Aðeins fyrir Deutz TD 2.9 L4 - Stage IIIB
Útblásturskerfi þar á meðal útblástur
íhlutir eftir meðhöndlun - kanna leka

Nauðsynlegar viðhaldsaðgerðir og frekari vélarupplýsingar er að finna í Deutz TD 2.9 L4 stjórnanda- og viðhaldshandbókinni (Deutz hlutanúmer 0312 3893).

Deutz TD 2.9 L4 notkunar- og viðhaldshandbók	
Genie hlutanúmer	57.4700.0006

Viðhald

A-6
Framkvæma viðhald á öxli



Tæknilýsing öxuls gerir kröfu um að þessi aðgerð sé framkvæmd eftir fyrstu 10 klukkustundirnar.

Mismunasmurolía - skoða/bæta við
Planetary reduction smurolía - skoða/bæta við

Nauðsynlegar viðhaldsaðgerðir og frekari öxulupplýsingar má finna í
Dana Axle ASM-194 þjónustuhandbókinni

Dana Axle þjónustuhandbók	
Genie hlutanúmer (Leiðbeiningasafn Genie)	57.4700.0026

A-7
Framkvæma viðhald á öxli



Tæknilýsing öxuls gerir kröfu um að þessi aðgerð sé framkvæmd einu sinni eftir fyrstu 100/250 klukkustundirnar.

Mismunasmurolía - skipta um
Planetary reduction smurolía - skipta um
Segultappi - þrífa

Nauðsynlegar viðhaldsaðgerðir og frekari öxul upplýsingar má finna í
Dana Axle ASM-194 þjónustuhandbókinni

Dana Axle þjónustuhandbók	
Genie hlutanúmer (Leiðbeiningasafn Genie)	57.4700.0026

Aukabúnaður

Þessi vél getur verið búin ýmsum aukabúnaði.

Aðeins skal nota aukabúnað sem viðurkenndur er af Genie í þessum hluta.

Upplýsingar um hvernig megi koma fyrir og skipta um aukabúnað í þessari vél má finna í hlutanum „Leiðbeiningar fyrir hraðtengi“.

Listi yfir aukabúnað sem viðurkenndur er af Genie

GTH-2506:

- **Breytilegir gafflar**
  (hlutanúmer 55.0750.0112)
- **FEM 2 plötu- og gaffalspakki**
  (hlutanúmer 55.0750.0113)
- **GM-1 breytilegir gafflar**
  (hlutanúmer 55.0750.0088)
- **Vökvagafflar FEM2 Side-Shift +- 100 mm**
  (hlutanúmer 59.0601.5023)
- **Hleðsluskófla 500 Lt**
  (hlutanúmer 59.0201.9019)
- **Hleðsluskófla 800 Lt**
  (hlutanúmer 59.0201.9020)
- **Steypufata 500 Lt handvirk losun**
  (hlutanúmer 59.0401.2028)
- **Steypufata 500 Lt vökvalosun**
  (hlutanúmer 55.0401.2029)
- **Steypublöndunarfata 250 Lt vökva**
  (hlutanúmer 59.0401.2018)
- **Múrsteinsfata**
  (hlutanúmer 59.0401.2032)
- **Fastur krókur á plötu**
  (hlutanúmer 59.0700.9012)
- **Vélræn bóma 2 m lengd/ 2000 kg burðargeta**
  (hlutanúmer 59.0802.3027)

Upplýsingum fyrir notkun á þessum aukabúnaði er lýst í stjórnandahandbók fyrir ákveðinn aukabúnað á opinberri heimasíðu Genie: www.genielift.com/en/service-support/manuals

Aukabúnaður

Listi yfir aukabúnað sem viðurkenndur er af Genie

GTH-3007:

- **Breytilegir gafflar**
  (hlutanúmer 55.0750.0124)
- **FEM 3 plötu- og gaffalspakki**
  (hlutanúmer 55.0750.0114)
- **Vökvagafflar FEM3 Side-Shift +- 100 mm**
  (hlutanúmer 59.0601.5024)
- **Hleðsluskófla 500 Lt**
  (hlutanúmer 59.0201.9019)
- **Hleðsluskófla 800 Lt**
  (hlutanúmer 59.0201.9020)
- **Steypufata 500 Lt handvirk losun**
  (hlutanúmer 59.0401.2028)
- **Steypufata 500 Lt vökvalosun**
  (hlutanúmer 55.0401.2029)
- **Steypublöndunarfata 250 Lt vökva**
  (hlutanúmer 59.0401.2018)
- **Múrsteinsfata**
  (hlutanúmer 59.0401.2032)
- **Fastur krókur á plötu**
  (hlutanúmer 59.0700.9013)
- **Vélræn bóma 2 m lengd/ 2000 kg burðargeta**
  (hlutanúmer 59.0802.3027)
- **Vélræn bóma 4m lengd/ 900 kg burðargeta**
  (hlutanúmer 59.0802.3028)

Upplýsingum fyrir notkun á þessum aukabúnaði er lýst í stjórnandahandbók fyrir ákveðinn aukabúnað á opinberri heimasíðu Genie: www.genielift.com/en/service-support/manuals

Aukabúnaður

⚠ Hætta varðandi upphengda byrði

Öryggi á vinnustað

Almennt öryggi

Ekki lyfta upphengdri byrði án þess að skilja fyrst staðla og reglugerðir yfirvalda er tengjast slíkri athöfn. Frekari reglur, staðlar og reglugerðir kunna að eiga við. Þörf kann að vera á viðbótarþjálfun.

Ef nota þarf fjarbúnað til að flytja byrði þarf að grípa til eftirfarandi varúðarráðstafana til að vernda stjórnandann.

Lestu, skildu og fylgdu öllum viðeigandi varúðarorðum og leiðbeiningum sem fylgja aukabúnaðinum og viðurkenndar eru fyrir upphenda byrði.

Aðeins ætti að nota aukabúnað sem er með viðeigandi hönnun, hefur verið prófaður og viðurkenndur til að bera upphengda byrði.


Burðartöflur fjarbúnaðarins eru hannaðar fyrir byrði þar sem burðarmiðjan er kyrrstæð. Þar sem upphengd byrði hreyfist getur burðarmiðjan breyst. Þess vegna þarf að fylgjast vel með byrðinni og sýna varúð við flutning og lyftingu til að lágmarka möguleikann á að hún hreyfist.


Veltihætta

Ekki lyfta upphengdri byrði án viðeigandi og læsilegri burðartöflu fyrir þá samsetningu aukabúnaðar/fjarbúnaðar sem þú notar.









Ekki leyfa byrðinni að sveiflast frjálslega. Ávallt skal tjóðra byrði á viðeigandi máta til að takmarka hreyfingu. Til viðbótar við starfsmenn á jörðu má einnig nota tvo lyftipunkta á undirvagninum framan á vélinni tl að koma stöðugleika á byrðina. Ávallt skal krossa tjóðrun á gagnstæðum hliðum til að lágmarka hreyfingu byrðar. Ef ekið er yfir halla, farið er skyndilega af stað, stöðvað og beygt getur það valdið því að byrðin fer að sveiflast og þannig verður til hætta ef stöðugleiki kemst ekki á.

Hafðu bómuna inndregna eins mikið og hægt er.

Ekki lyfta upphengdri byrði þegar vindhraði getur skapað hættulegar aðstæður.

Aukabúnaður

Allar hreyfingar byrðar þarf að minnka smám saman og við hægasta hraða til að hindra frekari sveiflur.

Hafðu þyngsta hluta byrðarinnar næst aukabúnaðinum.

Aldrei skal draga eða toga byrðina til hliðar.

Aðeins skal lyfta byrðinni lóðrétt; ekki skal toga byrðina lárétt þar sem slíkt getur valdið því að hún sveiflist of mikið.

Þyngd alls búnaðar (burðaróla, hengsla. o.sfrv.) þarf að vera innifalinn í byrðinni.

Berðu kennsl á viðeigandi lyftipunkta byrðarinnar, taktu tillit til þungamiðju og stöðugleika byrðar.

Ekki reyna að nota jöfnun fjarbúnaðarins til að koma í stað byrðar sem sveiflast eða til að stilla byrði af eftir að henni hefur verið lyft.

Ekki reyna að færa fasta eða hindraða byrði.

Ekki láta fjarbúnaðinn vera eftirlitslausan með upphengdri byrði.

Hafðu bómuna og byrðina eins lágt og hægt er á meðan þú sérð vel út.

Ekki fara hraðar en gönguhraði (2 mílur / 3,2 km/klst.) með upphengdri byrði.

Farðu af stað, aktu, beygðu og stöðvaðu hægt til að hindra að byrðin verði óstöðug eða sveiflist.

Ekki nota nein tæki til að endurstaðsetja byrðina á ferð. Hægðu smám saman áður og stoppaðu áður en þú reynir að endurstaðsetja byrðina.

Ekki gera tilraun til þess að fara í ská í halla þar sem burðarmiðjan færist þá í átt á veltilínunni og þannig er dregið úr stöðugleika.

Aðeins skal fara upp eða niður halla með ýtrustu varúð þar sem burðarmiðjan færist þá í átt á veltilínunni og þannig er dregið úr stöðugleika.

Ekki leggja í brekku.

Þegar ekið er upp með byrði skal setja í gír áfram og aka með byrðina í lægstu mögulegu stöðu.

Þegar ekið er niður með byrði skal fara í bakkgír

Þegar ekið er upp með tómri skóflu skal fara í bakkgír.

Þegar farið er niður með tóma skóflu skal fara áfram.

Ekki heimila upphengdri byrði að sveiflast.

Ekki draga byrði þegar hún er krækt upp.

Upphengd byrði er með breytileg, og þar með ófyrirsjáanleg áhrif á stöðugleika vélar, sýndu varúð.

Fasti krókurinn hefur verið hannaður til að styðja við yfirlýsta hlið byrðar. Hámarksfarmþungi samræmis nafnrúmtaki þess sem það er uppsett á eins og sýnt er á burðartöflunum sem fylgja búnaðinum.

Aukabúnaður

Fallhætta

Ekki lyfta eða hengja starfsmenn upp.

Ekki nota skófluna til að lyfta upp eða flytja fólk.

Árekstrarhætta

Tryggðu að byrðin sé laus við allar hindranir í kring áður en lyfting fer fram.

Þegar skyggni er eða gæti verið óhindrað, nálægt eða við niðurlögn byrðar, skal stjórnandinn nota aðrar leiðir til að lyfta byrðinni á öruggan máta, til dæmis hæfan aðila sem gefur merki.


Aðilar sem gefa merki verða að vera í stöðugum samskiptum (munnleg eða með höndum) og þarf stjórnandinn einnig að sjá viðkomandi á öllum stundum.

Hætta á að kremjast

Aldrei skal leyfa þeim sem gefur merki að vera á milli upphengdrar byrðar og annars hlutar (til dæmis fjarbúnaðarins).

Áður en viðhald fer fram á blöndunarfötunni skal setja fötuna á jörðina, stöðva vélina, fjarlægja ræsilykilinn og læsa dyrum stýrishússins til að hindra að fólk komist í stjórnborðið.

Hætta vegna fallandi hluta



Ekki lyfta byrði á það fallsvæði sem sýnt er.

Ekki nota vélina þegar fólk er undir byrðinni eða á fallsvæðinu.

Ekki hengja byrði upp með burðarólum eða keðjum frá göfflum eða undirvagninum.

Forðastu að lyfta byrðum á tveim hæðum.

Þegar kringlóttum hlutum er komið fyrir (bensíntunnur, o.s.frv.) skal binda þá með ólum og reiðum og aka á minni hraða.

Aukabúnaður

Lyfta upphengdri byrði

Tryggðu að lendingarpunktur sé láréttur og getir stutt við byrðina á öruggan máta.

Komdu aukabúnaðinum tryggilega fyrir á fjarbúnaðinum.

Réttu grindina við á fjarbúnaðinum.

Tjóðraði byrðina til að hamla hreyfingu.

Fáðu aðstoð frá þeim sem gefur merki með lyftingu byrðarinnar ef útsýni er hindrað við notkun.

Tryggðu að sá sem gefur merki sé í stöðugum samskiptum og sjónrænu sambandi á öllum stundum.

Lyftu bómunni og byrðinni hægt og smám saman á meðan bóman er inndreginn eins mikið og mögulegt er. Tryggðu að bóman og byrðin sé eins nálægt jörðu og hægt er.

Tryggðu að allar hreyfingar bómu og aukabúnaðar séu framkvæmdar eins hægt og hægt er til að forðast það að byrðin sveiflist.

Akstur

Tryggðu að akstursleiðin sé á jafnsléttu og standi undir fjarbúnaðinum og byrði hans.

Hafðu bómuna og byrðina eins lágt og hægt er á meðan þú sérð vel út.

Fáðu aðstoð frá þeim sem gefur merki með akstur ef útsýni er hindrað við akstur.

Hætta á að kremjast eða árekstrarhætta Tryggðu að sá sem gefur merki sé í stöðugum samskiptum og sjónrænu sambandi á öllum stundum.

Gerðu aðeins breytingar á byrðinni eftir að fjarbúnaðurinn hefur verið stöðvaður að fullu.

Farðu af stað, stoppaðu, aktu og beygðu hægt til að hindra að byrðin verði óstöðug eða sveiflist.

Ekki aka hraðar en á gönguhraða (<2 mílur / 3,2 km/klst.).

Aukabúnaður

Byrðinni komið fyrir

Fáðu aðstoð frá þeim sem gefur merki við að koma byrðinni fyrir ef útsýni er hindrað við notkun.

Tryggðu að sá sem gefur merki sé í stöðugum samskiptum og sjónrænu sambandi á öllum stundum.

Stöðvaðu að fullu nálægt lendingarstaðnum.

Settu í handbremsu og settu skiptinguna í hlutlausan.

Hægt og smám saman skaltu setja byrðina yfir lendingarstaðinn og lækka byrðina þar til hún nýtur stuðnings.

Þegar byrðin er komin niður skaltu halda áfram að lækka bómuna þar til hægt er að fjarlægja festingar og tjóður.

Sá sem gefur merki

Mælt er með einhverjum sem gefur merki þegar:

Stjórnandi er ekki með fullt útsýni yfir notkunarstað, eða byrði og svæðið þar sem byrðinni er komið fyrir.


Þegar búnaðurinn er á ferð er útsýnið hindrað.

Sökum öryggisáhyggjuefna á starfsstað ákvarðar annað hvort stjórnandinn eða sá sem sér um byrðina að slíkt sé nauðsynlegt.

Aðilar sem gefa merki verða að vera í stöðugum samskiptum (munnleg eða með höndum) og þarf stjórnandinn einnig að sjá viðkomandi á öllum stundum.

Handmerkjatöfluna að neðan má nota sem tilvísun.

Aukabúnaður

 STOPPA. Handleggur er út lárétt til hliðar, lófar niður, handleggur sveiflast fram og aftur.	 NEYÐARSTÖÐVUN. Báðir handleggir eru út lárétt til hliðar, lófar niður, handleggir sveiflast fram og aftur.		 LYFTA. Upphandleggur út til hliðar, framhandleggur og vísifingur benda beint upp, hönd og fingur búa til litla hringi.	 HÆKKA BÓMU. Handleggir lárétt út til hliðar, þumall bendir upp en aðrir fingur eru lokaðir.
 SVEIFLA. Handleggur teygður út lárétt, vísifingur bendir í þá átt sem bóman sveiflast.	 DRAGA BÓMU INN. Hendur fyrir framan í mjaðmarhæð, þumalfingur benda hvorn á annan en aðrir fingur eru lokaðir.	 HÆKKA BÓMUNA OG LÆKKA BYRÐINA. Handleggur er út lárétt til hliðar og þumall bendir upp, fingur opna og loka þegar burðarhreyfing er kosin.	 HUNSA ALLT. Hendur saman við í mjaðmarhæð.	 LÆGRA. Hönd og vísifingur benda niður, hönd og fingur búa til litla hringi.
 LÆKKA BÓMU. Handleggir lárétt út til hliðar, þumall bendir niður en aðrir fingur eru lokaðir.	 SETJA BÓMU ÚT. Hendur fyrir framan í mjaðmarhæð, þumalfingur út en aðrir fingur eru lokaðir.	 AKA/DRAGA. Allir fingur benda upp, handleggur er lárétt út og til baka sem skapar hreyfingu í akstursátt.	 LÆKKA BÓMUNA OG HÆKKA BYRÐINA. Handleggur er út lárétt til hliðar og þumall bendir niður, fingur opna og loka þegar burðarhreyfing er kosin.	 FARA HÆGT. Hönd er sett fyrir framan hönd sem veitir aðgerðamerki.


Tæknilýsing

GTH-2506	
Hæð, frágenginn	1,92 m
Lengd, frágengin, við gaffalplötu	3,84 m
Breidd, hefðbundin dekk	1,81 m
Hjólhaf	2,36 m
Fjarlægð á jörðu, miðja	0,33 m
Þyngd	4.580 kg
Vinnugaffalhæð, að hámarki	5,79 m
Hámarksseiling, lóðrétt	3,35 m
Seiling við hámarkshæð	0,60 m
Lyftugeta, hámarkshæð	2.000 kg
Lyftugeta, hámarksseiling	900 kg
Hámarkslyftugeta	2.500 kg
Akstursrhaði, hámarks,	23 km/klst.
Snúningsgeisli, ytri 2 hjólastýri	5,4 m
Snúningsgeisli, ytri Fjórhjólastýri	4 m
Burðargeta eldsneytistanks	60 L
Hámarkshalli	50 %
Hljóðstyrkur flautu, mat framleiðanda	112 dB
Hljóðstyrkur aðvörunarbúnaðar, mat framleiðanda	95 dB
Meðaltitringur fluttur í líkamann	0.44 m/s^2
Hljóðþrýstingsstig við stjórnandastöðu (í samræmi við EN12053) aðeins fyrir STAGE 3B	78 dB
Tryggur hlljóðstyrkur LwA (í samræmi við tilskipun 2000/14/CE) aðeins fyrir stage 3B	104 dB
Upplýsingar um hleðslu á gólfi	
Þungi á dekki, að hámarki	3.500 kg
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	7,5 kPa


GTH-3007	
Hæð, frágenginn	2,07 m
Lengd, frágengin, við gaffalplötu	4,66 m
Breidd, hefðbundin dekk	1,99 m
Hjólhaf	2,66 m
Fjarlægð á jörðu, miðja	0,43 m
Þyngd	5.970 kg
Vinnugaffalhæð, að hámarki	6,89 m
Hámarksseiling, lóðrétt	3,99 m
Seiling við hámarkshæð	0,76 m
Lyftugeta, hámarkshæð	2.500 kg
Lyftugeta, hámarksseiling	1.000 kg
Hámarkslyftugeta	3.000 kg
Akstursrhaði, hámarks,	30 km/klst.
Snúningsgeisli, ytri 2 hjólastýri	7,1 m
Snúningsgeisli, ytri Fjórhjólastýri	4,4 m
Burðargeta eldsneytistanks	90 L
Hámarkshalli	35 %
Hljóðstyrkur flautu, mat framleiðanda	112 dB
Hljóðstyrkur aðvörunarbúnaðar, mat framleiðanda	95 dB
Meðaltitringur fluttur í líkamann	0.40 m/s^2
Hljóðþrýstingsstig við stjórnandastöðu (í samræmi við EN12053) aðeins fyrir STAGE 3B	78 dB
Tryggur hlljóðstyrkur LwA (í samræmi við tilskipun 2000/14/CE) aðeins fyrir STAGE 3B	104 dB
Upplýsingar um hleðslu á gólfi	
Þungi á dekki, að hámarki	2.285 kg
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	7,2 kPa

Burðartöflur

GTH-2506, hefðbundinn undirvagn




GTH-2506, krókur




Burðartöflur

GTH-2506, 2000 Kg Jib




GTH-2506, fata




Burðartöflur

GTH-2506, MANITOU TFF 29 653340 gaffall




Burðartöflur

GTH-3007, hefðbundinn undirvagn




GTH-3007, krókur




Burðartöflur

GTH-3007, 2000 Kg Jib




GTH-3007, 900 Kg Jib




Burðartöflur

GTH-3007, fata



Próf


Skýringarmynd af prófunarniðurstöðum



FELUSVÆÐI

Próf

Skýringarmynd af prófunarniðurstöðum



FELUSVÆÐI

Próf

Prófunarverklag fyrir ofhleðslu

Fjarbúnaður tengdur við aukabúnað með fastri burðarmiðju (gafflar, fata, klemmur):

1,33 x Q

Tilvís. Standard EN1459
Q = nafnburðargeta

Fjarbúnaður tengdur við aukabúnað með snúanlegri burðarmiðju (krókur, bóma, lyftibúnaður):

1,33 x Q + 0,1 x Fb á dekkjum
1,25 x Q + 0,1 x Fb á stoðfótum

Tilvís. Standard EN13000
Q = nafnburðargeta
Fb = Þyngd bómu skert (þ.e. jafngildir veltiaugnabliki) við bómuenda.

EB samræmiSyfirlýsing

Efnisatriði EB-samræmisyfirlýsingar

TEREX Global GmbH lýsir því hér með yfir að vélabúnaðinum sem lýst er að neðan uppfyllir ákvæði eftirfarandi tilskipana:
1. EB tilskipun **2006/42/EB,** vélatilskipun.
Vélin sem lýst er að neðan hentar fyrir Genie fjarbúnað, gerðum sem tilgreindar eru í notandahandbókinni.
Gerð/tegund:
Lýsing:
Raðnúmer:
Framleiðsludagur:
Framleiðsluland:
Framleiðandi:
TEREX Global GmbH
Bleicheplatz 2
8200 Schaffhausen
Sviss
Aðili ábyrgur fyrir samsetningu tæknilega skjalsins:
Genie Industries B.V. –
Klompenhoefke 1
4751 XP OUD GASTEL Brabant
Holland
Umboðsundirritandi:
Útgáfustaður:
Útgáfudagur:

Dreifingaraðili:

www.genielift.com